

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/524**

2018/EES/64/15

frá 28. mars 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, klódínafóp, klópýralíð, sýpróðíní, díklórpróp-P, fosetýl, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* stofn: MA 342, pírimetaníl, kínoxýfen, rímsúlfúrón, spínósað, þíaklópríð, þíametoxam, þíram, tólklófosmetýl, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (1), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (2) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin mepanípýrím, *Pseudomonas chlororaphis* stofn: MA 342, kínoxýfen, þíaklópríð, þíram og síram voru síðast framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 (3). Samþykkistímabilin fyrir þessi efni renna út 30. apríl 2018.
- 3) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, klódínafóp, metrafenón, pírimíkarb, rímsúlfúrón, spínósað, þíametoxam, tólklófosmetýl og trítíkónasól voru framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 487/2014 (4). Samþykkistímabilin fyrir þessi efni renna út 30. apríl 2018.
- 4) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin klópýralíð, sýpróðíní, fosetýl, pírimetaníl og trínexapak voru framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 678/2014 (5). Samþykkistímabilin fyrir þessi efni renna út 30. apríl 2018.
- 5) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin díklórpróp-P, metkónasól og tríklópýr voru framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 878/2014 (6). Samþykkistímabilin fyrir þessi efni renna út 30. apríl 2018.
- 6) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir efnunum, sem um getur í 2. til 5. forsendu, voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (7).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 88, 4.4.2018, bls. 4. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 185/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 frá 17. nóvember 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin asetamípírið, bensósýru, flasasúlfúrón, mekópróp-P, mepanípýrím, mesósúlfúrón, própíneb, própoxýkarbasón, própýsamíð, própíkónasól, *Pseudomonas chlororaphis* stofn: MA 342, píráklóstróbín, kínoxýfen, þíaklópríð, þíram, síram og soxamíð (Stjtið. ESB L 312, 18.11.2016, bls. 21).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 487/2014 frá 12. maí 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, klódínafóp, metrafenón, pírimíkarb, rímsúlfúrón, spínósað, þíametoxam, tólklófosmetýl og trítíkónasól (Stjtið. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 72).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 678/2014 frá 19. júní 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin klópýralíð, sýpróðíní, fosetýl, pírimetaníl og trínexapak (Stjtið. ESB L 180, 20.6.2014, bls. 11).

(6) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 878/2014 frá 12. ágúst 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin díklórpróp-P, metkónasól og tríklópýr (Stjtið. ESB L 240, 13.8.2014, bls. 18).

(7) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

- 7) Þar eð mat á efnunum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnunum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.
- 8) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistöku dag eins fljótt og unnt er.
- 9) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð samþykki fyrir virku efnunum rennur út 30. apríl 2018.
- 10) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 73, þíram, komi „30. apríl 2019“.
- 2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 74, síram, komi „30. apríl 2019“.
- 3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 82, kínoxýfen, komi „30. apríl 2019“.
- 4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 89, *Pseudomonas chlororaphis* stofn: MA 342, komi „30. apríl 2019“.
- 5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 90, mepanípýrím, komi „30. apríl 2019“.
- 6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 92, þíaklópríð, komi „30. apríl 2019“.
- 7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 123, klódínaföp, komi „30. apríl 2019“.
- 8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 124, pírimíkarb, komi „30. apríl 2019“.
- 9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 125, rimsúlfúrón, komi „30. apríl 2019“.
- 10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 126, tólklófosmetýl, komi „30. apríl 2019“.
- 11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 127, trítíkónasól, komi „30. apríl 2019“.
- 12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 129, klópýralíð, komi „30. apríl 2019“.
- 13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 130, sýpródíníl, komi „30. apríl 2019“.
- 14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 131, fosetýl, komi „30. apríl 2019“.
- 15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 132, trínexapak, komi „30. apríl 2019“.
- 16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 133, díklórpróp-P, komi „30. apríl 2019“.
- 17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 134, metkónasól, komi „30. apríl 2019“.
- 18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 135, pýrimetaníl, komi „30. apríl 2019“.
- 19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 136, tríklópýr, komi „30. apríl 2019“.
- 20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 137, metrafenón, komi „30. apríl 2019“.
- 21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 138, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, komi „30. apríl 2019“.
- 22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 139, spínósað, komi „30. apríl 2019“.
- 23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 140, þíametoxam, komi „30. apríl 2019“.